

16. mars 2015/SA/JLB

14090114

3.02

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Fjárlaganefnd Alþingis

**Sendandi:** Ríkisendurskoðun / *JA*

**Efni:** Minnisblað um skil og afgreiðslu á rekstraráætlunum stofnana vegna 2015

Í byrjun mars aflaði Ríkisendurskoðun upplýsinga hjá öllum ráðuneytunum um stöðu mála varðandi skil og afgreiðslu á rekstraráætlunum stofnana vegna ársins 2015. Hér á eftir er gerð grein fyrir svörum ráðuneytanna og mati Ríkisendurskoðunar á þeim.

Reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta (nr. 1061/2004) kveður á um að í október ár hvert skuli ráðuneyti kynna stofnunum þær fjárveitingar sem áætlað er að séu til ráðstöfunar á árinu skv. frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Forstöðumönnum ber að skila ársáætlun til ráðuneytis í síðasta lagi fyrir lok desember ár hvert. Áætlunin skal rúmast innan ramma fjárheimilda og byggja á bráðabirgðauppgjöri stofnunar. Þá skal gerð grein fyrir dreifingu útgjalda innan ársins. Dreifingin skal sundurliðuð eftir yfirviðfangsefnum, launagjöldum, öðrum rekstrargjöldum, eignakaupum, tilfærslum og sértekjum. Fyrir miðjan janúar ár hvert skal ráðuneyti taka afstöðu til og staðfesta ársáætlun stofnunar með eða án breytinga. Eftir þann tíma er fjárheimildum dreift á mánuði innan ársins í upplýsingakerfi ríkisins. Jafnskjótt og endanlegt uppgjör fyrra árs liggur fyrir, skal forstöðumaður endurskoða ársáætlun stofnunar ef tilefni verður til og senda ráðuneyti til nýrrar afgreiðslu.

### Forsætisráðuneyti

Hjá forsætisráðuneytinu voru allar rekstraráætlanir stofnana móttæknar og staðfestar fyrir árslok 2014. Breytt verkaskipting innan stjórnar ráðsins hefur fjölgað nokkuð stofnunum sem heyra undir ráðuneytið.

Engin af rekstraráætlunum stofnana ráðuneytisins gerir ráð fyrir gjöldum umfram fjárheimildir að teknu tilliti til fluttra inneigna eða skulda. Þá var enginn fjárlagaliður ráðuneytisins með neikvæðan höfuðstól í árslok 2014.

Að mati ráðuneytisins er ekki ástæða til að ætla annað en að dreifing fjárheimilda eftir mánuðum endurspegli dreifingu útgjalda skv. rekstraráætlunum en hvetur stofnanir til að

huga vel að dreifingu útgjalda svo hægt sé að stýra fjárheimildadreifingu í takt við áfallin gjöld. Fjármála- og efnahagsráðuneytið uppfærir dreifingar í samræmi við dreifingar í rekstraráætlun og er uppfærslu dreifinga lokið áður en ársfjórðungsuppgjör fyrir 1. ársfjórðung er gefið út. Síðan eru dreifingar yfirfarnar við hvert ársfjórðungsuppgjör ef áætlanir skyldu hafa breyst.

Loks kom fram að ráðuneytið hafi ekki á þessum tímapunkti ástæðu til að ætla annað en að samþykktar rekstraráætlanir stofnana komi til með að halda án frekari ráðstafana.

### **Mennta- og menningarmálaráðuneyti**

Ráðuneytið kallaði eftir rekstraráætlunum frá 53 stofnunum í A-hluta sem undir það heyrta og hafa þær allar borist. Þegar er lokið við að samþykkja 43 áætlanir en ráðuneytið hefur ekki talið sér unnt að samþykkja 10 áætlanir. Er þar um að ræða eftirtaldar stofnanir:

- Landbúnaðarháskóli Íslands (02-216). Áætlun skólans er innan fjárheimildar ársins en fyrirhuguð niðurgreiðsla uppsafnaðs halla er ófullnægjandi að mati ráðuneytisins. Áætlunin var því ekki samþykkt en skólanum sent bréf 11. mars sl. þar sem óskað var eftir nýrri áætlun sem gerði ráð fyrir meiri niðurgreiðslu á uppsöfnuðum halla eða sem nemur um 3% af fjárheimild ársins 2015. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Fjársýslunnar var 8 m.kr. afgangur af rekstri skólans á síðasta ári en uppsafnaður halli hins vegar 414 m.kr. Heildarfjárheimild skólans á árinu 2014 var 686 m.kr.
- Hólaskóli – Háskólinn á Hólum (02-217). Áætlun skólans var hafnað og er beðið eftir að fá nýja áætlun sem rúmast innan fjárheimilda ársins. Bráðabirgðauppgjör bendir til þess að 12 m.kr. halli hafi verið á rekstri 2014 sem bætist við 157 m.kr. uppsafnaðan halla frá fyrra ári. Fjárheimild skólans á síðasta ári var samtals 294 m.kr.
- Verið er að funda og vinna með Menntaskólanum við Sund (02-305), Kvennaskólanum í Reykjavík (02-309), Fjölbrautaskólanum í Breiðholti (02-350), Flensborgarskólanum (02-352), Fjölbrautaskóla Vesturlands (02-354), Fjölbrautaskóla Suðurlands (02-357), Verkmenntaskólanum á Akureyri (02-359) og Framhaldskólanum í Mosfellsbæ (02-370) til að greina og skoða hvað er hægt að gera til að unnt verði að samþykkja áætlanir skólanna.

Vonir standa til að búið verði að samþykkja áætlanir skólanna í apríl.

Ráðuneytið hefur samþykkt áætlanir sem eru innan fjárheimilda fjárlaga 2015. Einnig áætlanir sem eru innan fjárheimilda fjárlaga 2015 að viðbættri ónýttri fjárheimild frá fyrra ári. Þá hafa líka verið samþykktar áætlanir sem eru innan fjárheimilda fjárlaga 2015 og gera ráð fyrir að greitt sé inn á uppsafnaðan halla þegar ekki er talið raunhæft að ætla stofnunum að greiða niður allan hallann, en þá er jafnframt óskað eftir áætlun um að hallinn verði greiddur niður á 2-3 árum í flestum tilvikum.

Rekstraráætlanir eftirtalinnna stofnana gera ráð fyrir að uppsafnaður halli á höfuðstól verði að einhverju leyti greiddur niður á árinu:

- Tilraunastöð Háskólans að Keldum (02-202). Samþykkt áætlun gerir ráð fyrir að greitt verði niður 10,3 m.kr. af 35,9 m.kr. uppsöfnuðum halla. Verið er að yfirfara innsenda áætlun um niðurgreiðslu á eftirstöðvum á næstu 2-3 árum.
- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (02-209). Samþykkt áætlun gerir ráð fyrir að greitt verði niður 6 m.kr. af 27,4 m.kr. uppsöfnuðum halla. Beðið er eftir að fá áætlun um hvernig stofnunin áætla að greiða niður eftirstöðvar á næstu 2-3 árum.
- Rannsóknamiðstöð Íslands (02-231). Samþykkt áætlun gerir ráð fyrir að greiða niður 1,2 m.kr. af 8, 3 m.kr. uppsöfnuðum halla. Viðræður um hvor hægt verði að greiða meira niður á árinu og ef ekki þá hvort hægt er að greiða eftirstöðvar niður árið 2016.
- Menntaskólinn á Akureyri (02-302). Samþykkt áætlun gerir ráð fyrir að greiða niður 23,9 m.kr. af 30,4 m.kr. uppsöfnuðum halla. Eftirstöðvar greiddar niður árið 2016.
- Hljóðbókasafn Íslands (02-909). Gert er ráð fyrir niðurgreiðslu uppsafnaðs halla um 2,2 m.kr. á árinu 2015. Eftirstöðvar á árinu 2016.
- Þjóðleikhúsið (02-973). Stofnunin hefur skilað inn endurskoðaða áætlun og greinargerð sem gerir ráð fyrir 34 m.kr. niðurgreiðslu á uppsöfnuðum halla á árinu 2015 og 19 m.kr. niðurgreiðslu á árinu 2016.
- Sinfóníuhljómsveit Íslands (02-974). Stofnunin skilaði inn greinargerð sem fjallar um hvernig uppsafnaður halli verði greiddur niður. Greinargerðin er til skoðunar í ráðuneyti.
- Hjá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum (02-355), Fjölbautaskóla Norðurlands vestra (02-356), Framhaldsskólanum á Laugum (02-363), Menntaskólanum á Tröllaskaga (02-372) og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (02-430) gera samþykktar áætlanir ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur niður að fullu árið 2015.
- Í tilfalli Listasafns Einars Jónssonar (02-906) gerir samþykkt áætlun ekki ráð fyrir að greitt verði niður uppsafnaður halli. Ráðuneytið hefur hins vegar kallað eftir áætlun um hvernig stofnunin ætla að greiða niður hallann. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri var uppsafnaður halli 4 m.kr. í árslok 2014 en fjárheimild stofnunarinnar á því ári var 18 m.kr.

Þegar ráðuneytið hefur samþykkt áætlun er hún send til Fjársýslu ríkisins og óskað eftir að hún verði keyrð inn í bókhaldskerfi ríkisins. Ársfjórðungslega leiðréttir fjármála- og efnahagsráðuneytið fjárheimildir í samræmi við samþykktar áætlanir í kerfinu. Varðandi aðra fjárlagaliði þar sem áætlanir eru ekki keyrðar inn í bókhaldið er ráðuneytið að yfirfara dreifingu fjárheimilda og mun óska eftir breyttri dreifingu fjárheimilda þar sem það á við.

Í svörum ráðuneytisins kom fram að ekki liggi á þessum tímamarki fyrir upplýsingar um að þegar samþykktar rekstraráætlanir stofnanna komi hugsanlega ekki til með að halda án frekari ráðstafana. Ráðuneytið tók hins vegar fram að staðan í árslok 2014 hjá Listasafni Íslands og Listasafni Einars Jónssonar sé verri en áætlanirnar gerðu ráð fyrir. Ráðuneytið muni því fylgjast vel með stofnununum á árinu 2015. Þá ætla Menntaskólinn á Akureyri og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum að greiða niður uppsafnaðan halla á árinu 2015 en á árinu 2014 bættu þessir skólar í hallann. Ráðuneytið mun því þurfa að fylgjast vel með þeim.

## Utanríkisráðuneyti

Ráðuneytið hafði lokið við að samþykkja allar rekstraráætlanir vegna 2015. Í engu tilfalli eru áætlanir umfram núverandi fjárheimildir fjárlagaliða að teknu tilliti til fluttrar inneignar eða halla). Þá var enginn fjárlagaliður ráðuneytisins með neikvæðan höfuðstól. Að mati ráðuneytisins er dreifing fjárheimilda á milli mánaða í samræmi við samþykktar rekstraráætlanir. Einnig kom fram í svörum ráðuneytisins að ekki væri gert ráð fyrir öðru en að allar rekstraráætlanir haldi á þessu ári.

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Ráðuneytið hefur afgreitt rekstraráætlanir allra sinna stofnana nema tveggja og skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Eftir er að afgreiða áætlanir fyrir Nýsköpunarmiðstöð Íslands (04-501) og Einkaleyfisstofuna (04-251). Ástæðan hjá Nýsköpunarmiðstöð er tæknilegs eðlis þar sem stofnunin notar ekki bókhaldskerfi ríkisins (Orra) en von er á að búið verði að skrá áætlunina í vikunni. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki getað samþykkt áætlun Einkaleyfastofunnar þar sem hún er verulega utan fjárlagaramma. Vandamálið er ekki nýtt en svo virðist sem áætlanir stofnunarinnar hafi verið samþykktar með halla fyrir árin 2013 og 2014. Verið er að skoða í ráðuneytinu hvernig hægt er að leysa málið.

Engin af þeim áætlunum sem ráðuneytið hefur samþykkt að þessu sinni gerir ráð fyrir halla. Eins og fyrr segir hefur áætlun Einkaleyfastofu ekki verið samþykkt. Tekið skal fram að Ríkisendurskoðun mun endurskoða reikningsskil Einkaleyfastofu vegna ársins 2014 á næstu vikum.

Í tilfalli Hafrannsóknarstofnunar (04-401) er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli verði greiddur á árinu en stofnuninni tókst í fyrra að greiða upp stóran hluta af hallanum. Að mati ráðuneytisins endurspeglar dreifing fjárheimilda raunveruleg útgjöld stofnana. Aðeins á eftir að lagfæra dreifingu fjárheimilda hjá Hafrannsóknarstofnun og verður það gert næstu daga.

Þá er það mat ráðuneytisins að samþykktar áætlanir eigi að geta haldið á árinu að því gefnu að ekkert óvænt komi upp á.

## Innanríkisráðuneyti

Hjá innanríkisráðuneytinu eru rekstraráætlanir eftirtalinna stofnana óafgreiddar:

- Ríkislögreglustjóri (06-303)
- Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008 (06-309)
- Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum (06-319)
- Sýslumaður Vesturlands (06-442)
- Sýslumaður Norðurlands vestra (06-444)
- Samgöngustofa (06-655)
- Neytendastofa (06-801)

Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans í Vestmannaeyjum hafa ekki skilað áætlun þrátt fyrir ítrekanir en þess er vænst að það verði gert fljótlega og ekki er gert ráð fyrir

veikleika við rekstur þeirra. Áætlanir hinna stofnananna hafa ekki verið tækar til staðfestingar að mati ráðuneytisins og standa viðræður yfir við þær um breytingar. Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að efast um að fljótlega verði unnt að ganga frá öllum óafgreiddum áætlunum en þess ber þó að geta að gert er ráð fyrir að embætti Sérstaks saksóknara þurfi 325 m.kr. í viðbótarfjárheimildir á árinu ef frumvarp um embætti Héraðssaksóknara verður óbreytt að lögum. Ráðuneytið hefur gert fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir þeirri stöðu.

Ráðuneytið hefur samþykkt áætlanir neðangreindra átta stofnana þótt þær geri ráð fyrir uppsöfnuðum halla í árslok. Allar gera ráð fyrir jöfnuði í rekstri innan ársins nema tvær þær fyrsttöldu. Héraðsdómstólarnir gera ráð fyrir að halli aukist en hann verði þó ekki nema um 2% af fjárheimildum. Lögregluskóli ríkisins hyggst grípa til aðgerða innan ársins til að forða því að halli hans aukist.

- Héraðsdómstólar (06-210)
- Lögregluskóli ríkisins (06-305)
- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu (06-310)
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum (06-312)
- Vegagerðin (06-651)
- Rannsóknanevnd samgönguslysa (06-659)
- Póst- og fjarskiptastofnunin (06-681)
- Þjóðskrá Íslands (06-821)

Einungis ein stofnun hyggst greiða inn á uppsafnaða halla en það er lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Eftir að rekstraráætlanir hafa verið lesnar inn í fjárhagskerfi ríkisins gerir fjármála- og efnahagsráðuneytið ráðstafanir til að dreifa fjárheimildum í samræmi við áætlanir. Ráðuneytið fylgist með því að rétt sé staðið að því og fer fram á breytingar ef frávik verða.

Að mati ráðuneytisins leikur aðeins í einu tilviki vafi á að samþykkt rekstraráætlun muni halda án frekari ráðstafana en það er áætlun Lögregluskólans. Ráðuneytið fylgist með þeim ráðstöfunum sem skólinn hyggst grípa til svo því verði forðað.

### **Velferðarráðuneyti**

Velferðarráðuneytið hafði hinn 13. mars sl. lokið afgreiðslu 34 rekstraráætlana af samtals 40 áætlunum sem ráðuneytið afgreiðir. Þær 6 áætlanir sem eftir eru hafa ýmist ekki borist eða eru í til skoðunar í ráðuneytinu. Þær eru frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (08-506), Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (08-791) og Sólvangi en tekið hefur tíma fyrir þessar stofnanir að stilla rekstraráætlanir sínar af í samræmi við fjárheimildir. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir að skila í þessari viku en ekki liggur fyrir hvenær Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mun skila sinni áætlun.

Ráðuneytinu hefur ekki ennþá borist rekstraráætlun frá Tryggingastofnun ríkisins (08-201) en áætlun frá Sjúkratryggingum Íslands (08-202) er til skoðunar. Það liggur fyrir að hún verði samþykkt og lesin inn í fjárhagskerfi ríkisins í þessari viku. Ástæða þess að dregist hefur að

vinna áætlanir þessara tveggja stofnana er ágreiningur þeirra um eðlilegt verð á upplýsingatækniþjónustu sem Sjúkratryggingar kaupa af Tryggingastofnun. Óháður aðili var fenginn til að meta þjónustuna til verðs og skilaði hann niðurstöðu í lok febrúar. Ekki liggur fyrir hvenær Tryggingastofnun mun skila áætlun sinni. Fyrir misskilning á enn eftir að skila áætlun fyrir Eftirlaunasjóð aldraðra en lokið verður að ganga frá henni í þessari viku.

Ráðuneytið samþykkti rekstraráætlun fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri (08-358) þann 24. febrúar sl. en vegna vinnu sem tengist kjarasamningi lækna hafa orðið tafir á innlestri á áætluninni í fjárhagskerfi ríkisins. Því verður hins vegar lokið í þessari viku.

Ráðuneytið hefur í engum tilfellum samþykkt áætlanir sem gera ráð fyrir rekstrarhalla, en í einhverjum tilfellum hafa stofnanir fengið úthlutað viðbótarfé af safnliðum til að geta lagt fram hallalaus rekstraráætlun.

Í rekstraráætlunum fjögurra stofnana er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli frá fyrra ári verði greiddur niður, en þær eru Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (08-726), Vinnueftirlit ríkisins (08-331), Jafnréttisstofa (08-333) og Ríkissáttasemjari (08-332).

Ráðuneytið ráðgerir að ljúka samræmingu á rekstraráætlunum og dreifingu fjárheimilda fyrir fyrsta ársfjórðungsuppgjör ársins. Þá er nú einnig gert ráð fyrir því að ráðuneytið áætli fyrir þá safnliði sem undir það heyra bæði ráðstöfun og dreifingu og að þeirri vinnu verði einnig lokið fyrir ársfjórðungsuppgjörið.

Í svörum ráðuneytisins kom fram að það hefði á þessum tímapunkti ekki upplýsingar um að rekstraráætlanir stofnana/fjárlagaliða komi hugsanlega ekki til með að halda án frekari ráðstafana, nema í tilfelli sjúkratrygginga (08-206). Ráðuneytið segir að ljóst sé að fjárlög munu ekki halda þar að óbreyttu. Ráðuneytið vekur einnig athygli á að í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins til fjárlaganefndar þar sem lagt er mat á veikleika í útgjöldum ársins voru dregnir fram fleiri málaflokkar/fjárlagaliðir en sjúkratryggingarnar sem heyra undir velferðarráðuneytið og sem ástæða þykir til að fylgjast grannt með. Það eru Landspítalinn (08-373), heilbrigðisstofnanirnar og hjúkrunarheimilin Sóltún (08-447), Sunnuhlíð (08-408) og Sólvangur (08-419). Samkvæmt bráðabyrgðauppgjöri Fjársýslunnar var 759 m.kr. halli á rekstri Landspítalans á árinu 2014 sem bætist við uppsafnaðan 2.225 m.kr. halla frá árinu á undan. Samtals nemur uppsafnaður halli spítalans því 2.984 m.kr. í árslok 2014. Heildarfjárheimild spítalans á árinu 2014 var 43.554 m.kr. Þegar ekki er tekið tillit til skerðingar á heimild vegna uppsafnaðs halla.

Að mati velferðarráðuneytisins eru engir málaflokkar/fjárlagaliðir aðrir en sjúkratryggingarnar með fyrirséðan halla. Engu að síður telur ráðuneytið ástæðu til að fylgjast grannt með þróun í útgjöldum Landspítala og heilbrigðisstofnana þar sem vitað er að reksturinn er í járnum. Eftir er að meta áhrif kjarasamninga við lækna á útgjöld þessara stofnana í því getur falist ákveðin óvissa. Þá er gert ráð fyrir að málaflokkurinn hjúkrunar- og dvalarheimili verði innan heimilda en tiltekinn vandi er fyrirséður með fyrrnefnd þrjú hjúkrunarheimili. Viðvarandi hallarekstur á Sólvangi og Sunnuhlíð sem unnið er að því að stöðva og vonir standa til að heyri sögunni til innan tveggja ára eða svo. Vandinn með Sóltún lítur að því að fjárheimildir eru í engu samræmi við útgjöld og vantar töluvert þar á enda þótt ráðuneytið greiði heimilinu í samræmi við ákvæði gildandi samnings.

## Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Í svörum ráðuneytisins kom fram að ráðuneytið eigi eftir að ljúka umfjöllun um rekstraráætlun Ríkiskaupa (09-905) og Bankasýslu ríkisins (09-977) og ljúka endanlega við gerð rekstraráætlunar fyrir aðalskrifstofu ráðuneytis (09-101). Ekki sé gert ráð fyrir öðru en að rekstur ráðuneytisins verði innan fjárheimilda. Rekstraráætlun Ríkiskaupa var tekin til nánari skoðunar vegna áætlaðrar rekstrarafkomu stofnunarinnar á yfirstandandi ári og áætlun Bankasýslunnar er til sérstakrar umfjöllunar þar sem gert er ráð fyrir niðurlagningu hennar eigi síðar en 30. júní næstkomandi.

Ráðuneytið hefur samþykkt rekstraráætlun Fasteigna ríkisins (09-984) en áætlunin hefur hins vegar ekki verið lesin inn í fjárhagskerfi ríkisins. Þann 1. mars sl. tóku Ríkiseignir til starfa með sameiningu jarðaumsýslu fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fasteigna ríkissjóðs. Unnið er að nýrri rekstraráætlun Ríkiseigna og er ekki gert ráð fyrir öðru en að hún verði í samræmi við fjárheimildir.

Allar rekstraráætlanir sem ráðuneytið hefur samþykkt eru innan fjárheimilda. Þá er ekki um að ræða uppsafnaðan halla hjá þeim stofnunum sem ráðuneytið hefur samþykkt rekstraráætlanir fyrir. Dreifing fjárheimilda á milli mánaða í Orra er að mati ráðuneytisins í samræmi við samþykktar rekstraráætlanir.

Ráðuneytið hefur á þessum tímamarki ekki upplýsingar né ástæðu til annars en að ætla að samþykktar rekstraráætlanir stofnana muni halda án frekari ráðstafana.

## Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Ráðuneytið á eftir að samþykkja rekstraráætlanir frá tveimur stofnunum, Vatnajökulsþjóðgarði (14-212) og Skógrækt ríkisins (147-241). Í tilviki Vatnajökulsþjóðgarðs er beðið eftir tillögu eða áætlun frá stofnuninni varðandi það hvernig unnið verði á neikvæðum höfuðstól en hann var 94 m.kr. í árslok 2014 skv. bráðabirgðauppgjöri Fjársýslunnar. Til samanburðar nemur fjárheimild þjóðgarðsins 401 m.kr. á árinu 2014. Í tilviki Skógræktar ríkisins hefur rekstrar- og framkvæmdaáætlun ekki verið samþykkt vegna ágreinings um ráðstöfun eignarnámsbóta. Reiknað er með að búið verði að samþykkja rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir 20. mars nk. en óljóst er hvenær hægt verður að samþykkja rekstraráætlun Skógræktar ríkisins.

Ráðuneytið hefur samþykkt tvær rekstraráætlanir sem verða umfram fjárheimildir fjárlagaliða. Fyrri fjárlagaliðurinn er Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn (14-202) en þar verður að hluta til unnið á neikvæðum höfuðstól á árinu og hann lækkaður um 0,8 m.kr. og reiknað með að hann verði kominn í 1,7 m.kr. í árslok 2015 og orðinn jákvæður í árslok 2016. Síðari fjárlagaliðurinn er Náttúrufræðistofnun Íslands (14-401) en þar er um að ræða fjármögnun á svokölluðu IPA verkefni sem sagt var upp af Framkvæmdasjóði ESB í byrjun sl. árs. Verkefnið var framlengt og minnkað að umfangi og sótt var um fjárheimild í fjárlögum 2015 sem fékkst en samhliða var sótt um fjárheimild í fjárlögum sem ekki fékkst sem skýrir neikvæðan höfuðstól. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri var staðan neikvæð um 57 m.kr. í árslok 2014 en fjárheimild ársins 2014 var 461 m.kr. Ráðuneytið reiknar með að stofnunin verði komin með jákvæðan höfuðstól í árslok 2016.

Fjórar stofnanir ráðuneytisins voru með neikvæðan höfuðstól í árslok 2014 en í tveimur þeirra er gert ráð fyrir að uppsafnaður höfuðstóll verði að einhverju leyti greiddur niður á árinu en það eru Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (14-407) og Náttúrurannsóknarstöðin á Mývatni. Eftir er að afgreiða rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs en reiknað er með að afgreiðsla hennar verði með þeim hætti að uppsafnaður halli á höfuðstól minnki á árinu.

Ráðuneytið hefur í samskiptum við stofnanir lagt mikla áherslu á að mánaðarleg dreifing í rekstraráætlunum sé í samræmi við áætlaðan raunrekstur þannig að dreifing fjárheimilda verði í samræmi við það. Ráðuneytið telur að dreifing fjárheimilda sé í samræmi við samþykktar rekstraráætlanir.

Ráðuneytið hefur á þessum tímamarki ekki neinar upplýsingar um fjárlagaliði þar sem rekstraráætlun mun ekki halda.

### **Niðurstaða**

Að mati Ríkisendurskoðunar eru skil og afgreiðsla rekstraráætlana fyrir árið 2015 almennt í góðu horfi. Að vísu eru nokkur dæmi um rekstraráætlanir sem ekki hefur reynst unnt að samþykkja en í öllum tilvikum eru þau mál í réttum farvegi og útlit fyrir að fljótlega verði hægt að ljúka afgreiðslu áætlana fyrir viðkomandi stofnanir.

Nokkurt áhyggjuefni er hversu erfitt reynist að gera upp uppsafnaðan halla. Eins og kunnugt er mæla lög um fjárreiður ríkisins fyrir um að draga skuli umframgjöld frá fjárheimildum næsta árs sé skuld vegna umframgjalda ekki felld niður með lokafjárlögum. Þótt ýmis dæmi séu um stofnanir þar sem tekist hefur að haga rekstri með þeim hætti að uppsafnaður halli sé að hluta eða öllu leyti greiddur til baka eru samt sem áður dæmi um stofnanir þar sem ekki hefur tekist að greiða niður slíkan halla.

Stundum hafa stofnanir skýrt frávik frá fjárheimildum með því að dreifing fjárheimilda sé ekki í samræmi við raunveruleg útgjöld. Miðað við svör ráðuneytanna á þetta ekki lengur að vera tilfellið.

Það sem af er ári hafa ráðuneytin ekki ástæðu til að ætla að áætlanir fari úr böndum. Að vísu er ekki langt liðið á árið. Reynslan sýnir þó að sumar stofnanir eiga erfitt með að haga rekstri í samræmi við áætlanir. Þetta á ekki síst við um stofnanir innan heilbrigðiskerfisins þar sem eftirspurn eftir þjónustu er stöðugt vaxandi um leið og nýir en oft kostnaðarsamir meðferðarmöguleikar bjóðast. Á sama tíma hafa stjórnvöld reynt að gæta aðhalds í útgjöldum við gerð fjárlaga.